

## **Greinargerð um gróðurathugun á svæðum sem til greina koma sem sorpurðunarstaður fyrir Vopnafjarðarsvæðið.**

Skoðunarferð var farin 24. sept. 1996.

Í ferðinni voru: Jóhannes Pálsson, Helga Hreinsdóttir, Ómar Bjarki Smáráson, Guðrún Kristinsdóttir með aðstoðarmann og Guðrún Á. Jónsdóttir. Auk þess bættust fleiri í hópinn á Vopnafirði.

Á 3 fyrstu stöðunum (Ytri Nýp, Ljósalandi og Purkugerði) voru grafnar holur og gafst þar sæmilega rúmur tími til gróðurskoðunar en á hinum stöðunum var einungis litið á aðstæður þar með talinn gróður. Veður var þurr en þoka og slæmt skyggni. Náttmyrkur hamlaði gróðurskoðun við Hölná og að nokkru í landi Skeggjastaða.

Tilgangur gróðurskoðunarinnar var að kanna hvort hugsanlega væru vaxtarstaðir sjaldgæfra tegunda á þeim svæðum sem til skoðunar eru sem framtíðar sorpurðunarsvæði og einnig að meta hvort gróðurlendi væru þar verðmæt á einhvern hátt. Ekki var tími til að gera tæmandi úttekt á plöntutegundum á hverjum stað enda trúlega ómögulegt sökum þess hve komið var langt fram á haust. Ekki er því með öllu hægt að útiloka að sjaldgæfar tegundir finnist á þessum stöðum. Hér á eftir er gróðurlendum á hverjum stað lýst stuttlega, getið helstu tegunda sem skráðar voru og mat lagt á verðmæti gróðurlenda. Ekki er lagt mat á landslagsleg atriði enda var skyggni vont og það e.t.v ekki hlutverk undirritaðrar

### **Lýsing svæða**

#### ***Ytri Nýpur***

Melar með stórum spildum af fjalldrapamóum. Melarnir ganga ekki alveg í sjó fram heldur er nokkuð hár bakki þar sem melarnir enda en þar fyrir neðan er svolítill ræma af graslendi. Einnig eru brekkurnar neðan í melabökkunum grónar. Gil og lækjarsprænur ganga upp í gegnum melana og eru gilín gróin.

Staður 1 er fjalldrapamói. Staður 2 er á mel. Afrennsli er til sjávar á stað 1 niður gil 1. Á stað 2 fram af bakka litlu norðaustar en af stað 1. Til greina kom e.t.v 3ji staður niðri á bakka litlu norðar (austar) en staður 2. Urðun þar hefði líklega áhrif á gil 2. þar var ekki grafin hola.

#### **Fjalldrapamói.**

Gróðurþekja í móanum er heil á stórum svæðum. Aðaltegundir eru fjalldrapi og bláberjalyng. Aðrar tegundir sem nefna má eru: Beitilyng, geldingahnappur, ilmreyr, stinnastör, hnappstör, dvergstör, músareyra, bugðupuntur, holtasóley, krækilyng, blávingull, gulmaðra, móasef, þursaskegg, sauðamergur, vallhæra, axhæra, fjallasveifgras, kornsúra, grávíðir, lambagras, brjóstagras, blóðberg, sortulyng. Móinn er nokkuð dæmigerður fjalldrapamói, ekki sérlega gróskumikill en nokkuð fjölbreyttur.

Utar á móanum nær stað 2 er krækilyng og þursaskegg meira áberandi og er gróður þar heldur lávaxnari og rýrari en innar.

### Melar

Á melum er nokkur gróður, bæði stakar plöntur og einstaka smátorfur. Tegundir á mel eru t.d. skriðlíngresi, geldingahnappur, holtasóley, túnvingull, blávingull, blóðberg, lambagras, músareyra, holuurt. Dæmigerður melagróður.

### Gil 1

Fjalldrapamói nær niður í gilið en gras verður meira ríkjandi niðri í gilinu. Auk tegunda sem sáust í fjalldrapamóanum eru þarna t.d. tegundir svo sem snarrót, vallhumall og ljónslappi. Snoturt gróðurlendi en lítið og ekki sérlega mikil gróska.

### Neðan í bakka

Lyngbrekkur eru neðan í bakkanum og sást þar m.a aðalbláberjalyng. Neðar er deiglendi á köflum. Tegundir sem sáust voru m. a. klófífa, mýrarstör, hrossanál, hálingresi, finnungur, ljónslappi, maríustakkur, ilmreyr (mikið) og snarrót. Ágætlega gróin ræma er neðan undir bökkunum og brekkurnar bera þess merki að snjór liggur þar nokkru lengur en uppi á melunum. Snotrar lyngbrekkur, graslendi og hálfdeigjur.

### Gil 2.

Mjög stuttaraleg skoðun var á gróðri í gilinu en bakkinn fyrir neðan var ekki skoðaður. Nokkur votlendisblettir voru í gilinu og svolitlar uppsprettur. Tegundir eru deiglendistegundir svo sem mýrarstör, klófífa, hrossanál, engjarós og maríustakkur. Ágætlega gróið en lítið gildrag.

### ***Ljósaland***

Tvær holur voru grafnar á stað 1 og 2. Staður 1 er í túni sem enn er nýtt en 2 er í gömlu túni sem ekki hefur verið slegið um árabíl. Neðan við túnin er mýri og hálfblautir móar en þurrara og graslendara niðri á bakkanum við sjóninn. Í gömlu túnunum er graslendi, all gróskumikið og eru tóngrös enn áberandi þar.

### Mýri

Algengar tegundir eru t.d. klófífa, hálmgresi, mýrfjóra, hrafnaklukka, mýrarstör, bláberjalyng, gávíðir, hengistör, horblaðka, hrossanál, hárleggjastör, hrafnastör og mýrarsóley. Gróðurlendi er dæmigert fyrir mýri sem ekki er mjög vot. Sæmileg gróska.

### Bakki

Helstu tegundir á bakkanum: Geldingahnappur, bugðupunktur, móasef, blávingull, mýrfjóra, brjóstagras, kornsúra, stinnastör, klóelfting, brennisóley, túnfífill, lokasjóður, vallarsveifgras.

### ***Purkugerði***

Staðir 1,2, og 3 eru allir í túnnum sem eru eða hafa verið nýtt fram að þessu. 1 og 2 eru neðarlega í túnunum en 3 nokkru ofar. Fyrir neðan túnin eru blautir móar eða mýri en þurrari bakki niður við sjó svipað og á Ljósalandi. Beitiland.

### Mýri

Tegundir í mýri eru t.d: Mýrarstör, klóffífa, bláberjalyng, mýrfjóla, hrossanál, mýrelfting, fjalldrapi, hengistör, horblaðka, beitieski, grávíðir, sýkigras, hrafnastör. Dæmigriður mýragróður, sæmileg gróska.

### Bakki

Helstu tegundir á bakka: Þursaskegg, krækilyng, geldingahnappur, blóðberg, móasef, blávingull, kornsúra, kattartunga, sýkigras, snarrót.

### ***Í landi Skeggjastaða (utan og ofan við Þorvaldsstaði).***

Þetta svæði er ofan við þjóðveginn ofan við melhól. Það er talsvert frá bæjum og óraskað af manna völdum.

Svæðið var ekki skoðað mikið með tilliti til gróðurs enda orðið skuggsýnt og einugis voru skráðar helstu tegundir í mólendinu. Þarna er aðallega þýfður bláberjalyngsmói, fremur þurr, drög með hálfdeigju og mosaásar. Helstu tegundir í móanum eru bláberjalyng, krækilyng og beitilyng.

### ***Við Hölná hjá Veðramótum***

Þetta svæði liggur ofan við melbrík, ofan við þjóðveg. Það er að því er virtist óraskað af manna völdum. Ekki var gerð þarna nein gróðurskoðun sem heitið getur enda orðið svo skuggsýnt að ógerlegt var að greina tegundir. Það var þó að sjá sem þarna væri votlent og sumsstaðar rennblautt. Ef þessi staður verður fyrir valinu sem sorpurðunarstaður þarf að skoða gróður þarna nánar einkum votlendið.

### **Niðurstaða**

Þau gróðurlendi sem skoðuð voru sæmilega, þ.e. við Ytri Nýp, Ljósaland og Purkugerði, geta ekki talist sérstaklega verðmæt. Fyrirhugaðir urðunarstaðir eru í túnnum við Ljósaland og Purkugerði og því ekki verið að spilla þar náttúrulegum gróðri. Mýrlendið fyrir neðan þessi tún er ágætlega gróið svæði og trúlega sæmilegt beitiland. Það ekki alveg ljóst hvaða áhrif urðun í túnunum hefði á þau. Svæðið í landi Skeggjastaða hefur tæplega heldur að geyma sérlega verðmæt gróðurlendi en þar er berjaland. Æskilegt hefði verið að skoða þetta svæði betur. Ekki er hægt að leggja mat á verðmæti gróðurlendis við Hölná nema með nánari skoðun.

Eins og áður var sagt er ekki hægt að útiloka að sjaldgæfar tegundir vaxi þarna en það verður þó að teljast næsta ólíklegt á þeim stöðum sem skoðaðir voru með tilliti til gróðurs.

Neskaupstað 8. október 1996  
Guðrún Á Jónsdóttir